



## ■ SPURNINGIN ■

Hefurðu fengið stöðumæla-  
sekt?



Linda Sigurðardóttir  
verslunarmaður:

Nei, það hef ég ekki fengið í langan tíma. Ég reyni ávallt að passa mig í þeim efnum því ég veit fátt hvítleiðara en að fá þessa sektarmiða á bílgluggann.



Hjördís Jónsdóttir nemi:

Nei, ég hef aldrei nokkurn tíma fengið þessa sektarmiða. Það er vegna þess að ég legg bílnum aldrei við stöðumæla.



Jón Elías Jónsson

bóndi:

Nei, ekki síðustu þrjú árin. Það er til nóg af bílastæðum þar sem hægt er að leggja bílnum í langan tíma og ganga síðan þangað sem maður ætlar.



Tómas Ingi Tómasson stutt-  
buxnasali:

Nei, aldrei. Ég á nefnilega ekki bíl.

## SKUMUR



### Kjarvalsstaðir

## „Kaupandi einskisnýtra hluta“

Sýning á munum frá menningarheimi eskimóa í vesturhluta Alaska opnuð síðastliðinn laugardag

Síðastliðinn laugardag var opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á vegum Menningarstofnunar Bandaríkjanna og Menningar málafundar Reykjavíkur á listmunum eskimóa frá Alaska. Sýningin er farandsýning og hingað komin frá Smithsonian-safninu í Washington.

Sýningin nefnist: Inua - andleg veröld eskimóa í Alaska. Flestum mununum á sýningunni safnaði maður að nafni Edward W. Nelson sem ferðaðist kornungur um Alaska í indíanabáti og hundasleða á síðustu öld við veðurathuganir og náttúruskoðun. Hann hreifst mjög af dýralífi svæðisins, og ekki síður af eskimóunum og menningu þeirra.

Gripunum var komið fyrir í geymslum Smithsonian-safnsins þar sem þeir söfnuðu ryki þar til kona nefnd Ann Stevens rakst á þá árið 1978. Henni þótti nauðsynlegt að mönnum yrði gefinn kostur á að njóta þessara fögru og merku muna og stakk upp á sýningu á þeim. Veg og vanda af sýningunni höfðu þau William Fitzhugh, sem er staddur hér á landi, og Susan Kaplan. Hún var opnuð árið 1982 í Washington.

Í fréttatilkynningu og bæklingi um sýninguna segir frá ýmsu forvitnilegu um lífnaðarhætti eskimóa, og frá Edward W. Nelson.

Nelson þessi þótti meira en lítið furðulegur meðal eskimóanna fyrir það að hann keypti af þeim notuð klæði, verkfæri og aðra muni, sem hann hafði engin not fyrir.

Þessa hluti flutti hann með sér til Washington, og voru þeir nær tíu þúsund að tölu þegar söfnunaráráttu hans linnu. Segir sagan að eskimóum í einu þorpinu hafi orðið mjög skemmt þegar Nelson átti þar eitt sinn leið um, og kona nokkur spurði eftir honum sem kaupanda einskisnýtra hluta.

Ílát, verkfæri, vopn og klæði eskimóanna voru fagurlega



Bæði karlar og konur báru skartgrip til að fegra sig. Mest áberandi voru varaskraut. Eftir því sem karlmennirnir eltust varð skartið sem þeir hengdu neðan í munnvik sín stærra og íburðameira. Konur báru hins vegar smágerðara skraut úr beini nærri miðjum munninum.

skreytt með viðhöfn og fyrirhöfn. Eskimóarnir sem bjuggu við Beringshaf trúðu því að hver einasti hlutur ætti sér anda - inua, sem væri nauðsynlegur hluti af uppbyggingu heimsins. Þeir báru virðingu fyrir öndunum, og heiðruðu þá með því að búa til hluti sem inuarnir höfðu velþóknun á. Slæmt veður og léleg veiði var túlkuð sem refsing andanna vegna þess að þeir höfðu verið móðgaðir. Kom fyrir að veiðimaður sá rétt sem snöggvast mannlegt andlit á fuglsvengi eða í auga dýrs og vissi hann þá að hann hafði séð anda þess, eða inua.


Hvert ár voru haldnar fjórar hátíðir: Beiðna-hátíðin (Petugtaq), hátíð hinna dauðu (Merr'aq), blöðruhátíðin (Nakaciug) og boðshátíðin (Kelek/Itruka'a). Beiðna-hátíðin styrkti fjölskyldubönd með því að menn skiptust á umbeðnum gjöfum. Hátíð hinna dauðu tryggði að hinir látnu hefðu nægan mat og fatnað á næsta tilverustigi. Andí hins látna var talinn setjast að í þeim sem var nefndur eftir honum, og því voru gjafirnar sem safnað var

fyrir hátíðina gefnar nafnanum. Á blöðruhátíðinni voru hlandblöðru allra sela sem veiðst höfðu á árinu blásnar upp, málaðar og hengdar upp í karlahúsinu (qasig), þar sem öll hátíðarhöld fóru fram. Alla hátíðina var öndum

selanna, sem taldir voru búa í blöðrunum, borinn matur og drykkur, söngvar voru sungnir og dansar stignir til að gleðja þá. Eftir fimm daga hátíð voru blöðrunar teknar niður og þeim sókkt niður um gat á isnum svo að sálir selanna gætu snúið aftur til lands selanna og endurfæðst. Væru sálir selanna ánægðar með framkomu eskimóanna sneru þær aftur til að láta veiða sig á ný. Síðasta hátíð ársins var boðs-hátíðin. Þá var lítið orðið um mat, en samt var öndunum boðið að deila með fólkinu því sem til var.

Enn búa eskimóar við Beringshaf í sömu byggðum og þegar Nelson var þar á ferð. En gömlu veiðiaðferðirnar hafa vikið fyrir skotvopnum og gamlar helgiathafnir fyrir kristinni trú. Nú leitast þessar þjóðir við að varðveita arfleifð sína með því að skrá niður munnlegar frásagnir, endurvekja hefðbundna dansa og halda upp á hátíðirnar sem sagt var frá hér að ofan.

Sýningin á Kjarvalsstöðum er opin alla daga frá kl. 11 til 18, og lýkur 2. desember. BE



Myndskreyting og trúarleg tákni á pípu úr beini.

Vinningstölur laugardaginn

27. okt. '90



VINNINGAR	FJÖLDI VINNINGSHAFA	UPPHÆÐ Á HVERN VINNINGSHAFA
1. 5 af 5	0	5.837.853
2. 4 af 5 <small>PLUS</small>	2	311.095
3. 4 af 5	161	6.666
4. 3 af 5	6.073	412

Heildarvinningsupphæð þessa viku:

10.035.345 kr.



UPPLÝSINGAR: SÍMSVARI 681511 - LUKKULÍNA 991002

RAFRÚN H.F.  
Smíðjuvegi 11 E

Ahlíða  
rafverktakþjónusta

Sími 641012